

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2006

frá 8. desember 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/748/EB frá 24. október 2005 um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB að því er varðar svæði sem falla ekki undir skrána yfir samþykkt svæði með tilliti til *Bonamia ostreae* og/eða *Marteilia refringens* ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/770/EB frá 3. nóvember 2005 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlaða um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/813/EB frá 15. nóvember 2005 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 65. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB) í hluta 4.2:

„– **32005 D 0748**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/748/EB frá 24. október 2005 (Stjtið. ESB L 280, 25.10.2005, bls. 20).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) í hluta 4.2:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 17, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 30.11.2006, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 280, 25.10.2005, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 304, 23.11.2005, bls. 19.

„– **32005 D 0813**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/813/EB frá 15. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 304, 23.11.2005, bls. 19).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2:

„– **32006 D 0070**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/770/EB frá 3. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2005/748/EB, 2005/770/EB og 2005/813/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.